

Skotfélag Reykjavíkur
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Selfossi, 5. september 2024
UST202408-030/K.B.B.
06.04.08

Efni: Bráðabirgðaheimild - Skotfélag Reykjavíkur

Vísað er til erindis Skotfélags Reykjavíkur til Umhverfisstofnunar, dags. 06.08.2024. Þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir rekstri skotvallar á Álfsnesi, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fram kemur í erindinu að rekstur skotsvæðis félagsins hafi legið meira og minna niðri frá því í september 2021 með tilheyrandi áhrifum á rekstur og starfsemi félagsins, þjálfun skotíþróttamanna og veiðimanna. Starfsemin var ekki talin samræmast aðalskipulagi Reykjavíkur og felldi úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála starfsleyfi skotvallarins úr gildi. Breyting hafi nú orðið á aðalskipulagi Reykjavíkur og rúmist starfsemi núna innan skipulagsins. Vonir hafi staðið til þess að hægt yrði að opna svæðið í vor en vegna dráttar á afgreiðslu aðalskipulags gat félagið ekki sótt um fyrr en í lok júlí. Ef ekki verði veitt undanþága sé einsýnt að lítil sem engin starfsemi verður á umræddum völlum eitt árið enn þar sem starfsemi félaganna er mest yfir sumarmánuðina.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matskyldu hennar.

Umhverfisstofnun sendi erindið til umsagnar heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Í umsögn heilbrigðisnefndar kemur fram að starfsleyfisumsókn fyrir skotæfingasvæði hafi borist frá Skotfélagi Reykjavíkur og umsóknin sé í vinnslu hjá eftirlitinu. Umsóknin er talin vera fullnægjandi. Á meðan á því ferli stendur hefur Skotfélag Reykjavíkur því enga aðstöðu til æfinga fyrir félagsfólk.

Í ljósi framangreinds, umsagnar heilbrigðisnefndar, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur Umhverfisstofnun tekið ákvörðun um að veita Skotfélagi Reykjavíkur kt. 600269-2919 bráðabirgðaheimild vegna rekstrar skotvallar á Álfsnesi. Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 05.01.2025.

Bráðabirgðaheimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum

1. Skotfélag Reykjavíkur ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
2. Bráðabirgðaheimildin gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
3. Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
4. Notkun blýhagla er óheimil.
5. Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
6. Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
7. Starfsemi skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða. Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skal framkvæma vöktunarmælingar á hávaða frá starfseminni og getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
8. Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
9. Eftir því sem reglur í keppnisskotfimi leyfa skal haga skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði.
10. Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 10.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
 - 10.2 Heimilt er að halda skotkeppnir tvisvar sinnum á gildistíma bráðabirgðaheimildar með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Ef mót er haldið á sunnudegi skal starfsemin vera lokuð næsta mánudag. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara. Verði að fresta mótí vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.
 - 10.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
11. Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 11.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.

- 11.2 Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
- 11.3 Fjöldi rífilskota sem innihalda blý á ári. Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila
- 12. 12.1 Rekstraraðili skal standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu í samræmi við aðalskipulag.
- 12.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað stöðvun starfsemi sbr. 63. gr. laga nr. 7/1998.
- 12.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar. Þá mun nefndin upplýsa Umhverfisstofnun um frávik sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 7/1998.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Umhverfisstofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 05.01.2025. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða helst eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnu við gerð bráðabirgðaheimildar, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri

Kristín Björk Birgisdóttir
sérfræðingur